

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 13. október 2016 var haldinn 147. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17.04. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Hafsteinn Númason, Eldey Huld Jónsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir, Ólafur Þór Zoéga og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Sigþór Magnússon áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Kjalarness, Jóna Björg Sætran áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Margrét Richter, deildarstjóri fjármála og rekstrar hjá Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda hjá Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fólkvangur. Guðni Indriðason formaður rekstrarfélag Fólkvangs greinir frá stöðu mála í félaginu.
 - Kl. 17.13 tók Jóna Björg Sætran sæti á fundinum.
 - Kl. 17.48 vék Sigþór Magnússon af fundinum.
2. Fer fram umræða um verkefni til kosninga í Hverfið mitt 2016.
3. Fram fer umræða um opinn íbúafund á vegum hverfisráðs Kjalarness sem haldinn verður fimmtudaginn 3. nóvember kl. 20:00.
4. Lagðar fram upplýsingar um fyrirhugaða sölu lóða í Grundarhverfi.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu með sölu íbúðarhúsalóða og atvinnuhúsalóða.

5. Umræður um hugsanlegar ferðir milli Arnarholts og Esjugrundar til að þjónusta fólk í leit að alþjóðlegri vernd.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness gerir alvarlegar athugasemdir við skort á ferðum eftir Brautarholtsvegi fyrir þá sem dvelja í Arnarholti í leit að alþjóðlegri vernd. Sú hætta sem skapast við það að gangandi vegfarendur eru á veginum milli Arnarholts og Esjuskála á umferðargötu sem er einbreið og óupplýst er svo mikil að það er tímaspursmál hvenær slys verður.

6. Lagt var fyrir fundinn að ræða málefni Víðiness sem bráðabirgðahúsnæði fyrir fólk í leit að alþjóðlegri vernd.
Samþykkt að taka málið á dagskrá.

Fram fer umræða um Víðines sem bráðabirgðahúsnæði fyrir fólk í leit að alþjóðlegri vernd.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness fagnar því að hægt sé að nýta þetta húsnæði í þetta þarfa verkefni en hefur verulegar áhyggjur af því að sú skelfilega samgönguþjónusta sem hefur verið í boði fyrir fólk í leit að alþjóðlegri vernd í Arnarholti verði leikin eftir fyrir þá sem koma til með að dvelja í Víðinesi. Hverfisráð telur alls ekki koma til greina að fólk í leit að alþjóðlegri vernd komi til með að dvelja þarna nema að tilvonandi íbúum verði tryggðar öruggar samgöngur eftir þörfum íbúanna. Reynslan frá Arnarholti kennir okkur að það er lykilatriði að samgöngur séu öruggar og á forsendum þeirra sem nýta þær og sem dæmi má nefna að um 20 manns ganga daglega Brautarholtsveginn sem er einbreið og óupplýst umferðargata án göngustígs fyrir kl. 7 á morgnana til að ná strætisvagni.

Fundi slitið kl. 18.38

Sigríður Pétursdóttir

Ólafur Þór Zoéga
Sigrún Jóhannsdóttir
Eldey Huld Jónsdóttir

Guðfinna Ármannsdóttir
Hafsteinn Númason